



DEILISKIPULAG 1:1000

GASSTÖÐ Í STRAUMSVÍK - deiliskipulag

Greinargerð

Tillaga að deiliskipulagi lóðar gasstöðvar í Straumsvík.

Ekki er til gildandi deiliskipulag fyrir svæðið. Gerð er tillaga um eftirfarandi skipulag:
 Gert er ráð fyrir nýju svæði undir tanka/gasgeymslur innan núverandi lóðar gasstöðvar. Núverandi geymslu rými er fyrir um 460 tonn en gert er ráð fyrir að eftir stækkun verði geymslurými fyrir um 1336 tonn.

Forsendur

Deiliskipulag þetta nær yfir eina lóð og næsta nágrenni umhverfis hana, það er svæði milli lóðar og sjávar annars vegar og svæði milli lóðar gasstöðvar og lóðar álvers hins vegar. Svæðið er á lóð Hafnarfjarðarhafnar. Stærð deiliskipulagssvæðis er alls um 0,35 ha en stærð lóðar gasstöðvar er 15634 m². Skipulagssvæðið sem er norðan við athafnasvæði ISAL - ALCAN á Íslandi í Straumsvík afmarkast af athafnavæði ISAL - ALCAN á Íslandi að hluta til og af fjörlínu að hluta til.

Gasstöð hefur verið rekin á svæðinu frá árinu 1996.

Deiliskipulag þetta er í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005 - 2025 þar sem svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði.

Engar formínjar eru á skipulagssvæðinu.

Samhliða deiliskipulaginu var gerð öryggisskýrsla: Stækkun gasstöðvar í Straumsvík. Brunavarnir og áhættumat. Útgefin í ágúst 2011 af Mannvit hf. Í þessari skýrslu eru eftirfarandi viðaukar:

1. Útrekningar á mögulegum afleiðingum óhappa.
2. Teikningar af gasstöðinni, afstöðumynd og PID teikningar.
3. Ytri neyðaráætlun.
4. Teikning af brunahönum á lóð ISALS
5. Niðurstöður mælinga á brunahönum við lóð Gasfélagsins.
6. Afrit af þjónustusamning Gasfélagsins við Aðgát.
7. Fire safety analysis (tékklisti fyrir NFPA 58).
8. Öryggisstjórnunarkerfi og "Öryggisskýrsla Gasfélagsins með eftirfarandi viðaukum:
 - a) Áhættumat frá 2007
 - b) Áhættumat Shell frá 2009
 - c) Rekstrar- og Örygghandbók
 - d) Handbók Tæknikerfa

Lóð

Lóðarmörk eru sýnd á uppdrætti. Nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað. Lóð verður girt á lóðarmörkum með 1,8 m öryggisgíringu til að hindra aðgengi óviðkomandi aðila.

Nýbygginar

Á 1422 m² svæði er nú 4 x 261 m³ geymar fyrir samtals 460 tonn af gasi. Nýr reitur fyrir gasgeyma er 2550 m² og innan hans verða 3 nýir geymar 674 m³ hver fyrir samtals 876 tonn af gasi. Innan lóðar verða geymar fyrir samtals um 1336 tonn. Væntanlegir geymar verða heygðir í jörðu eins og núverandi geymar. Hámarks hæð jarðvegs yfir geymum er 11,0 m yfir núverandi lóðarhæð. Byggingarreitir húsa eru eins og byggingar eru og hámarks nýtingarhlutfall á lóðinni verður 0.025. Geymslusvæði fyrir gas verður 26 % af lóðinni.

Hönnun og uppdrættir


Byggingar skulu vera í samræmi við gildandi byggingarreglugerð, aðrar reglugerðir og staðla. Á aðaluppdrætti skal sýna skipulag nánasta umhverfis í aðalatriðum. Þar skal sýna hæðarkóta lands og öll mannvirki sem máli skipta fyrir útlit og fyrirkomulag svæðisins.

Eldvarnir

Gerð er krafa um að þjálfaðir verði slökkviliðsmenn til að fást við gaselda. Gasfélagið og Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins hafa gert með sér samkomulag um þjálfun slökkviliðsmanna SHS, undirritað af báðum aðilum þann 25.01.2012.

SKÝRINGAR:

	MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS		NÚVERANDI GEYMASVÆÐI
	LÓÐARMÖRK		VIÐBÓT VIÐ GEYMASVÆÐI
	BYGGINGARREITUR		OPIÐ ÓBYGGT SVÆÐI
	BYGGINGA- OG FRAMKV/EMDASVÆÐI		SJÓR
	NÚVERANDI BYGGINGAR		



Hluti af Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025

**HAFNARFJÖRÐUR
 DEILISKIPULAG FYRIR GASSTÖÐ
 Í STRAUMSVÍK
 DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
 KVARDI 1:1000.**

Deiliskipulags þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar

þann 26. JÚNÍ 2012

f.h. skipulags- og byggingarráðs
 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann 27. JÚNÍ 2012

Bæjarstjóri

Tillagan var auglýst frá 20.4 2012 til 2.6 2012

með athugasemdafresti til 2.6 2012

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann 7.8 2012



Verkaupi Gasfélagið ehf
 Verknúmer 2.110.014
 Dags. 06.02.2012
 Viðbætur í greinargerð 19.7.2012 skv. ábendingum Skipulagsstofnunar.